

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

00.75 PS/ps Garðabær 4. júní 2013

## *Umsögn um drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands.*

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis (HHK) hefur haft til umsagnar; „Bráðabirgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnaáætlun, fyrsta skref í gerð vatnaáætlunar (2012), drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands“. Þar er fjallað um flokkun vatns í vatnshlot, vinnu við gerðir vatnshlota og lýsingu á helsta álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns.

Gerð skýrslunnar byggir á lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Er henni ætlað að verða fyrsta skrefið í gerð vatnaáætlunar fyrir landið allt þar sem gerð verður grein fyrir flokkun vatnshlota, álagi á vatn, áhættumati, aðgerðaáætlun, vöktunaráætlun, efnahagslegri greiningu vegna vatnsnotkunar, flokkunarkerfi fyrir vistfræðilegt ástand vatns, öðrum áætlunum og samráði við almenning. Að þessari vinnu hafa ýmsar stofnanir komið og til grundvallar þeirri vinnu er notast við bæði vefsjá og gagnagrunnskerfi sem þróað var af Norsku Orkustofnuninni (Norges vassdrags- og energidirektorat).

Samkvæmt lögnum er landið eitt vatnaumdæmi. Því er skipt í fjögur undirsvæði eða vatnasvæði og er eftirlitssvæði heilbrigðisnefndar -HK á svæði fjögur (104). Fulltrúi frá heilbrigðiseftirliti hefur starfað í sérstakri nefnd fyrir undirsvæðið. Fulltrúi hefur setið þá fundi sem boðaðir hafa verið í nefndinni, sótt námskeið um vatnatilskipunina sem fram fór hjá Umhverfisstofnun dagana 22 og 23. apríl s.l. og iðulega veitt umsagnir eða komið með ábendingar um drögin á fyrri stigum.

Höfundar hafa frá upphafi lagt áherslu á samráð og samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og sveitarfélög innanlands og um leið leitað fyrirmynda erlendis þar sem hliðstæð vinna hefur þegar farið fram. Gerð og form draga að stöðuskýrslu ber hvoru tveggja vitni. Ágæt samræming er milli undirsvæða í skýrslunni og einnig innan þeirra. Það er mat HHK að ágætlega hafi tekist til ef haft er mið af þröngum tímaramma og oft frekar rýrum upplýsingum sem höfundar hafa haft úr að motta. Ekki sé tilefni til að hafa uppi ágreining eða gera beinar efnislegar athugasemdir við skýrsluna. Einni ábendingu er þó vert að koma á framfæri. Í köflum er varða álag á vatn vegna þéttbýlis (íbúar og matvælafyrirtæki) eru töflur þar sem fjallað er um punktlosun. Þar eru m.a. tilteknar fráveitur og ýmiss konar fyrirtæki og starfsemi. Á þann lista mætti bæta við höfnum almennu. Í höfnum fer fram ýmiss konar starfsemi sem getur valdið mengun. Óhöpp við olúuáfyllingar, hreinsun skipa, málningarvinna og ýmiss konar smíða- og viðgerðarvinna. Þá þarf að dýpka hafnir og dýpkunarefni með sínum mengunarefnum er undantekningalítið losað utan hafna á meira dýpi. Allt þetta getur valdið töluverðu álagi á nær svæði hafna án þess að endilega sé hægt að tengja það beint við einstaka lögaðila eða fyrirtæki.


Við skýrsluna er að finna heimildaskrá. Beinar tilvitnanir í heimildir eða tengingar við heimildir eru þó ekki miklar í skýrslunni. Í fljótalestri virkar heimildarskrá nokkuð



tilviljunarkennd. Svo dæmi séu nefnd þá er aðeins tvær greinar eftir Tryggva Þórðarson þó hann hafi skrifað um flest vötn á eftirlitssvæði HHK. Á móti vegur að ýmsar skýrslur eru til sem og gögn á heimasíðum um losun fráveituvatns í móttaka sem ekki er vikið að.

Fyrri umsagnir HHK hafa að mestu einskorðast við þætti og starfsemi innan eftirlitssvæðisins sjálfs. Flestar ábendingar sem gerðar hafa verið hafa skilað sér að fullu inn í skýrsludrögin. Samhliða umsögn þessari verður athygli Umhverfisstofnunar vakin á fáeinum atriðum í texta er mætti betur fara og sem varða eftirlitssvæði nefndarinnar.

F.h. heilbrigðiseftirlits



---

Páll Stefánsson  
heilbrigðisfulltrúi

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

00.75 PS/ps Garðabær 4. júní 2013

*Minnisblað HHK um drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands*

**Texti;**

**Vatnasvæði 4**

\*\*\*\*\*

*Yfirfallsútrásir*

Í töflu er spurt um yfirfallsútrásir í Hafnarfriði.

Ef ekki berast betri svör frá Hafnarfriði þá eru yfirfallsútrásir:

- a. Út frá dælustöð Herjólfsgötu
- b. Út frá Ósnum, miðlunartanki
- c. Út frá dælustöð við Óseyri
- d. Út frá hreinsistöðinni í Hraunavík

\*\*\*\*\*

Leiðréttingar fyrir Kópavog.

ATH. Megin útrásir í töflu og líka texta.

**Allt skólp frá Kópavogi fer í Ánanaust.**

(fyrrí ábending um að austasti hlutinn við Elliðavatn fari í Klettagarða er röng. Það voru einhvern tíma áform en varð ekki að veruleika. **Sem sagt ALLT Í ÁNANAUST.**

(Steingrímur Hauksson, forstöðumaður framkvæmdasviðs Kópavogs vakti athygli á þessari rangskráningu fyrr í vetur)

\*\*\*\*\*

Skipasmíðastöðvar.

Drafnarlippur er með Póstnúmer **220** (ekki 200)

Í Hafnarfirði rekur Vélsmiðja Orms og Víglundar tvær flotkvíar. Það er viðgerðarslippir, ekki skipasmíðastöðvar.

Ef ástæða er til að bæta því fyrirtæki inn þá gæti verið sami texti og hjá Dröfn nema rökstuðningur fyrir álagsmati yrði:

Flotkvíar í Hafnarfjarðarhöfn. Málningar- og viðgerðarstarfsemi á hafnarsvæðum fylgir alltaf ákveðin mengunarhætta, einnig í lokuðum kvíum.

\*\*\*\*\*

Kveðja Páll.